

Fundur náttúruverndarnefndar Þingeyinga 9. janúar 2018

Fundargerð nr. 1-2018

Kl. 12:00 Mættir: Þorkell Lindberg Þórarinsson, Ásvaldur Ægir Þormóðsson og Gréta Bergrún Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Erindisbréf Náttúruverndarnefndar Þingeyinga

Nefndin fór yfir erindisbréfið eins og það kom frá fulltrúaráði Héraðsnefndar Þingeyinga. Nefndin beinir því til héraðsnefndar að taka til skoðunar þóknun fulltrúa nefndarinnar, með tilliti til ferðatíma frá fundarstað.

2. Starfsáætlun 2018

Formaður kynnti starfsáætlun Náttúruverndarnefndar Þingeyinga sem hann sendi inn til Héraðsnefndar. Hún tekur mið af þeim grunni sem erindisbréf Náttúruverndarnefndarinnar felur í sér og rekstraráætlun sem afgreidd var af framkvæmdastjórn Héraðsnefndarinnar. Í áætluninni er gert ráð fyrir sex fundum í Náttúruverndarnefnd Þingeyinga árið 2018. Var starfsáætlunin, ásamt kostnaðarhlutanum, lögð fram á fulltrúaráðsfundi Héraðsnefndarinnar þann 8. nóvember sl.

Náttúruverndarnefndin gerir ráð fyrir að fundir verði haldnir í nefndinni dagana 9. janúar, 10. apríl, 11. september og 13. nóvember árið 2018. Tímasetning tveggja funda verður ekki ákveðin að svo stöddu, enda verða þeir einungis haldnir komi þær aðstæður upp að afgreiða þurfi aðsend erindi innan tímaramma sem passar ekki við framangreindar tímasetningar funda.

3. Hólsvirkjun í Fnjóskárdal - Frummatsskýrslu á umhverfisáhrifum - beiðni um umsögn

Nefndin fjallaði um skýrsluna og tilheyrandi fylgigögn. Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:

- Í umfjöllun um frágang að framkvæmdum loknum kemur eftirfarandi fram á bls. 31: „Gert er ráð fyrir sáningu í sárin þar sem land er ræktað, og áburðargjöf í samráði við gróðurfræðing þar sem land er gróið en óræktað.“ Náttúruverndarnefnd Þingeyinga telur að á raskvæðum ætti í öllum tilvikum, bæði á ógrónu og grónu landi, að taka svarðlag til geymslu og frágangs/uppgræðslu á framkvæmdasvæðum. Slikur frágangur er enda í samræmi við deiliskipulag svæðisins og ýmis fyrirheit síðar í frummatsskýrslunni. Þannig verði náttúrulegum gróðri og fræbönkum komið fyrir í öll röskuð svæði, sem flýtir fyrir því að þau verði í samræmi við umhverfi sitt og þann gróður sem fyrir er. Mikilvægt er í þessu tilliti að horfa til framkvæmdasvæða þar sem vel hefur tekist til í þessum efnum, t.d. á Þeistareykjum.
- Í lýsingu á umhverfisáhrifum gagnvart útivist og ferðamennsku er ekkert er fjallað um þau áhrif sem framkvæmdin mun hafa á upplifun göngufólks sem fara mun um þá gömlu þjóðleið, Gönguskarð.
- Vatnalíf er meðal þess sem verður fyrir hvað mestum áhrifum af þessari framkvæmd, enda má búast við því að vatnsrennslí í Gönguskarðsá og Hólsá verði það lítið yfir vetrartímann að virkjunin muni nýta allt vatn í ánum. Líklegt er því að

ekkert vatnsrennsli verði næst stíflunum á þessum árstíma. Ekkert er fjallað um þær tegundir smádyra sem safnað var í rannsókn sumarið 2017 og ekkert kemur fram um hvort um sjaldgæfar tegundir sé að ræða. Ekki virðast heldur hafa verið tekin botndýrasýni í Gönguskarðsá, einungis Hólsá og Árbugsá. Þá virðist einungis hafa verið leitað (rafveitt) að fiski á 70 m kafla á því svæði sem verður fyrir mestum áhrifum. Það er því vafa undirorpið hvort fiskur sé í Hólsá og Gönguskarðsá. Náttúruverndarnefnd Þingeyinga bendir á að þó dýralíf kunni að vera fábreytt í Hólsá og Gönguskarðsá gæti það vel verið fágætt og því þarf að gera betur grein fyrir því, verndargildi þess og þeim áhrifum sem stíflur og vatnsleysi munu hafa.

- Nefndinni þykir fullmikið gert úr samfélagslegum áhrifum þar sem orkan verður öll flutt út af svæðinu og seld inn á dreifikerfi raforku á landsvísu. Vissulega má þó gera ráð fyrir að framkvæmdin geti verið jákvæð fyrir landeigendur sem eiga vatnréttindi, auk þess sem gert er ráð fyrir að þriggja fasa rafmagn verði leitt um sveitina samhliða framkvæmdum tengdum virkjuninni. Ákvörðunartaka um rask á náttúrunni verður að byggja á vegnu mati samfélags- og umhverfisáhrifa og því er mikilvægt að vægi samfélagsávinninga vegna Hólsvirkjunar sé ekki ýkt.

4. Deiliskipulag óskipts land fyrir Voga í Mýrvatnssveit – beiðni um umsögn

Náttúruverndarnefnd hefur farið yfir fyrirleggjandi deiliskipulag fyrir óskipt land Voga í Mýrvatnssveit. Nefndin fagnar því að verið sé að vinna skipulag fyrir staði sem verða fyrir átroðningi og náttúruspjöllum vegna aukinnar ásóknar ferðamanna. Nefndin gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagið að öðru leyti en því að mælast til þess að alls staðar þar sem þarf að raska landi verði leitast við að nota náttúrulegan gróður til uppgræðslu, þannig að ásýnd landsins haldi sér eins og hægt er. Þá er einnig lögð áhersla á að fráveitumál samræmist ákvæðum reglugerða.

5. Deiliskipulag fyrir Drekgil – beiðni um umsögn

Náttúruverndarnefnd hefur kynnt sér skipulags og matslýsingu fyrir deiliskipulag við Drekgil og gerir ekki athugasemdir við lýsinguna.

6. Deiliskipulag fyrir Hlíð ferðaþjónustu í Mýrvatnssveit – beiðni um umsögn

Náttúruverndarnefnd hefur kynnt sér fyrirleggjandi deiliskipulag og fylgigögn. Nefndin gerir ekki athugasemdir aðrar en þær að leggja áherslu á að fráveitumál samræmist ákvæðum reglugerða.

Fundargerð lesin og fundi slitið 14.25